



Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



Steinlagna- og umhirðutækni

Nám í steinlagna- og umhirðutækni er ný námsbraut við Tækniskólann - skóla atvinnulífsins. Námið er mótað og uppbyggt af Félagi skrúðgarðyrkjumeistara og Horticum menntafélagi ehf. í samstarfi við Tækniskólann.

Tilgangur námsins

Námi í steinlagna- og umhirðutækni er ætlað að koma til móts við kröfur atvinnulífsins um þekkingu og hæfni almennra starfsmanna sem sinna gróður- og yfirborðsvinnu, jafnframt því að mæta væntingum nemenda um vandað starfsnám á þessu sviði.

Skipulag námsins

Náminu er skipt í tvo hluta þar sem annars vegar er lögð áhersla á steinlagnir og hins vegar áhersla á umhirðu grænna svæða.

Kennslufyrirkomulag

Kennslan fer fram á kvöldin. Verkleg kennsla fer fram á laugar- dögum en gert er ráð fyrir 3 verklegum dögum í hverjum hluta.

Lokamarkmið námsins

Markmið námsins er að undirbúa nemendur fyrir almenn störf á fagsviði skrúðgarðyrkju. Lögð er áhersla á mismunandi námsnálgun hvers nemenda og þarfir hans fyrir sérúrræði ef á þarf að halda.

Umsóknir

Opið er fyrir umsóknir. Nánari upplýsingar um námið fást í síma 514 9601 eða með fyrirspurn á ave@tskoli.is

Einnig má nálgast upplýsingar um námið hjá Horticum menntafélagi ehf. www.horticum.is

Styrkir til náms

Athugið að fræðslusjóðir atvinnulífsins geta veitt fyrirtækjum styrk til að senda starfsmenn sína í námið. Styrkurinn getur numið allt að 75% námsgjalds. Einnig geta nemendur sótt um einstaklingsstyrki til síns stéttarfélags samkvæmt tilteknum reglum.

Kynningarfundur um námið verður haldinn fimmtudaginn 27. ágúst kl.18:00 að Skeljanesi 9, 101 Reykjavík (í Skerjafirði).

